

Ed.

323. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar og fellst á efni þess, en að gefnu til efni þykir henni rétt að orða frvgr. um og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur og heitt vatn í Skútudal í Siglufirði, ásamt nauðsynlegu landi undir mannvirki til virkjunar heita vatnsins og með rétti til þess að grafa eða bora eftir heitu vatni hvar sem er í landareigninni.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

Alþingi, 5. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr., frsm.

Magnús Gíslason.